


Matís
Vínlandsleið 12
113 Reykjavík



Vestmannaeyjum 1. nóvember 2017
UST201705-182/P.V.B.
11.16


Efni: Innflutningur - Hvítleggja rækjur - Matís


Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Matís þar sem óskað er eftir leyfi til innflutnings á hvítleggjarækju (*Litopenaeus vannamei*), dags. 19. maí 2017, til rannsókna í næringar lífeðlisfræði í rannsóknarstöð Matís í Keldnaholti. Með umsókninni fylgdi áhættumat vegna innflutningsins.

Í samræmi við 3. mgr. 63. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd var umsókninni vísað til umsagnar hjá sérfræðinefnd um innflutning framandi lífvera 29. ágúst. Beiðni um viðbótargögn barst frá nefndinni 13. september. Umsögn nefndarinnar barst Umhverfisstofnun þann 27. október 2017. Í umsögn nefndarinnar kom fram að upplýsingar um fyrirhugað eldi gefi til kynna að afar litlar líkur séu á að rækjan geti sloppið út í umhverfið. Ef svo illa færi, er afar ólíklegt að að þessi tegund geti þrífist í sjó hér við land, enda um að ræða hitabeltistegund sem þrífst við ólíkar aðstæður en þær sem hér er að finna. Vottorð um hreinleika eftir skoðun hjá opinberum dýralækni í upprunalandi ætti að tryggja að sjúkdómar berist ekki til landsins með innflutningnum. Niðurstaða nefndarinnar var sú að hverfandi líkur væru á að einhver hætta stafi af innflutningnum fyrir vistkerfið og því taldi nefndin ekki ástæðu til að leggja gegn innflutningnum, enda séu önnur lögformleg skilyrði uppfyllt.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir umsókn umsækjanda, áhættumat og umsögn sérfræðinefndar. Að mati Umhverfisstofnunar er litlar líkur eru á slysasleppingum miðað við þá afmörkun sem umsækandi setur eldinu. Jafnframt tekur Umhverfisstofnun undir að ólíklegt sé að tegundin geti þrífist hér við land. Umhverfisstofnun heimilar fyrir sitt leiti innflutning á hvítleggjarækju til rannsókna í næringar lífeðlisfræði í rannsóknarstöð Matís í Keldnaholti.

Virðingarfyllst


Kristín Linda Arnadóttir
Förstjóri


Þórdís Vilhelmina Bragadóttir
Sérfræðingur